

Keilusamband Íslands hefur valið eftirfarandi aðila sem Íþróttamann og Íþróttakonu ársins í keilu árið 2011.

Kvennkeilari ársins: Dagný Edda Þórisdóttir, Keilufélagi Reykjavíkur (KFR).

Dagný hefur lagt stund á keilu í 19 ár og leikið bæði með unglingslandsliði og kvennalandsliði Íslands. Á árinu varð hún Íslandsmeistari einstaklinga, lenti í öðru sæti á Íslandsmóti para, var með hæsta meðaltalið á Íslandsmóti lið og lék fyrir Íslands hönd á Evrópumóti landsmeistara. Hún setti Íslandsmet í tveim leikjum á árinu. Hún varð Íslandsmeistari með liði sínu KFR-Valkyrjum.

Karlkeilari ársins: Hafþór Harðarson, Keiludeild ÍR. Hafþór hefur lagt stund á keilu í mörg ár og leikið bæði með unglingslandsliði og karlalandsliði Íslands. Á árinu varð hann Íslandsmeistari einstaklinga og keppti fyrir Íslands á Evrópumóti landsmeistara þar sem hann hlaut bronsverðlaun. Hann setti Íslandsmet í fjórum leikum og náði hámarksleik í einum leik á árinu. Hann leikur með einu besta félagsliði Svíþjóðar – Team Pergamon.